



Gjaldskrá
akstursþjónustu aldraðra og fatlaðs fólks

1. gr.
Gildissvið

Með vísan til X kafla og 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Notendur greiða fyrir aksturþjónustu sem veitt er á vegum stuðnings- og virknijþjónustu velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Nánar er fjallað um aksturþjónustu um í reglum sem sveitarfélagið hefur sett sér um akstursþjónustu aldraðra og akstursþjónustu fatlaðs fólks.

2. gr.
Svæðisskipting þjónustusvæðis

Við ákvörðun upphæðar gjalda fyrir akstursþjónustu er horft til gjaldskrár Strætó BS innan sveitarfélagsins. Sveitarfélagini er skipt upp í 8 gjaldsvæði með eftifarandi hætti.

| Svæðisskipting | | |
|----------------|---------|-----------------------|
| 1 | 0-2km | Höfn - Innanbæjar |
| 2 | 2-20 km | Hafnarnes - Hoffell |
| 3 | 21-40 | Viðborðssel - Flatey |
| 4 | 41-60 | Skálafell - Kálfafell |
| 5 | 61-80 | Hali - Jökulsárlón |
| 6 | 81-100 | Ekkert lögbýli |
| 7 | 101-120 | Hnappavellir - Hof |
| 8 | 121-140 | Sandfell - Skaftafell |

3. gr.
Fjárhæð gjalda

Upphæð fargjalda fer annarsvegar eftir akstri innan gjaldsvæði í samræmi við 2. gr. í gjaldskrá þessari, og hins vegar eftir flokkun akstursþjónustu. Ástæður akstursþjónustu er skipt upp í 3 flokka sem eru eftifarandi

1. Akstursþjónusta í dagdvöl aldraðra í Ekru eða dagþjónustu fatlaðs fólks í Miðgarði
 - a. Akstur í dagvist aldraða og dagþjónustu fatlaðs fólks er gjaldfrjáls
2. Akstursþjónusta í nauðsinlega þjónustu. Nauðsinleg þjónustu er t.d. á Heilsugæslu HSu á Höfn, til sjúkraþjálfara, tannlæknis, í banka, í matvöruverslun eða í hárgreiðslu.
 - a. Akstur í nauðsinlega þjónustu miðast við hálft verð gjaldskrár Strætó BS á svæðinu.
3. Önnur akstursþjónusta
 - a. Akstur vegna erinda sem ekki flokkast til nauðsynlegrar þjónustu nýtur ekki forgangs við veitingu þjónustu. Fyrir hann er rukkað fullt gjald skv. gjaldskrá strætó BS á svæðinu.

Gjaldskrá akstursþjónustu er eftifarandi:



| Sveitarfélagið Hornafjörður - Gjaldskrá akstursþjónustu | | | | |
|---|------------------|-----------------|---------------------------|--------------|
| Svæði | Skilgreining | Miðgarður/Ekran | Önnur nauðsynleg þjónusta | Annar Akstur |
| 1 | Höfn -Innanbæjar | - kr | 150 kr | 300 kr |
| 2 | 2-20 km | - kr | 300 kr | 600 kr |
| 3 | 21-40 km | - kr | 450 kr | 900 kr |
| 4 | 41-60 km | - kr | 600 kr | 1.200 kr |
| 5 | 61-80 km | - kr | 750 kr | 1.500 kr |
| 6 | 81-100 km | - kr | 950 kr | 1.900 kr |
| 7 | 101-120 km | - kr | 1.100 kr | 2.200 kr |
| 8 | 121-140 km | - kr | 1.250 kr | 2.500 kr |

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars innan þjónustusvæðis

4. gr.

Aðrir farþegar/aðstoðarmenn

Notendum er heimilt að hafa með sér annan farþega sé það tekið fram þegar pantað er og greiðir notandinn þá sama verð fyrir hann. Börn undir sex ára aldrí í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati matsnefndar Þjónustunnar heim er hægt að krefjast þess að aðstoðarmaður fylgi notanda. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

5. gr.

Gjaldskylda ónýtrar þjónustu

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt.

Afpanta skal ferð með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri.

6. gr.

Innheimta gjalds

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðarmót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

7. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi tekur gildi þann 1. janúar 2025.